

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 13. janúar kl. 13:10 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1239. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir og Sigrún Reynisdóttir.
Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 38 - USK25040303

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýmis 0301 og innrétta íbúð í stað skrifstofu á 3. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.02, á lóð nr. 38 við Ármúla.

USK25040303 er rafrænt framhald af erindi BN060263 sem jafnframt er dregið tilbaka.

Hjálögð er umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2023 og 10. júní 2022.

Erindi var grenndarkynnt frá 21. nóvember 2025 til og með 19. desember 2025. Engar athugasemdir bárust.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 8. júlí 2025 og dags. 21. apríl 2025 og fylgiskjal með skýringum breytinga og samþykki meðlóðarhafa mhl.01, 02 og 03 dags. mars 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 28. júlí 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

2. Bakkastaðir 2 - USK25050075

Sótt er um leyfi til að innrétta skóla fyrir börn með fjölþættar fatlanir með því að endurskipuleggja og aðlagja kennslustofur og stuðningsrými og bæta aðgengi fyrir alla í Korpuskóla á lóð nr. 2 við Bakkastaði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 8. maí 2025, hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 10. apríl 2025 og svör við athugasemdum dags. 7. október 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

3. Bakkastaðir 3 - USK25120101

Sótt er um heimild til þess að setja svalalokun á svalir fyrir íbúð 0201á lóð nr. 3 við Bakkastaði.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Baughús 40 - USK25120082

Sótt er um leyfi til þess að uppfæra skráningartöflu fyrir einbýlishús á lóð nr. 40 við Baughús.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 12. október 1989.

Frestað. Lagfæra skráningu.

5. Blesugróf 4 - USK25120012

Sótt er um leyfi fyrir 30,7 ferm. bílageymslu á lóð nr. 4 við Blesugróf.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 30. nóvember 2025.

Stærðir:

Ferm. 30,7 rúmm. 89,0

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Blikahólar 6 - USK25110249

Sótt er um áður gerðar breytingar sem felst í að burðarveggur hefur verið styttr í kjallara í fjöleignahúsi á lóð nr. 6 við Blikahóla.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 11. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Borgartún 24C - USK25120099

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057713, með síðari breytingum, og innrétta í rými 0101, veitingastað í flokki II tegund e fyrir 50 gesti auk 20 sæta á útveitingasvæði við austurhlið Borgartúns 24C, í íbúðar-og verslunarhúsi á lóð nr. 24 við Borgartún.

Erindi fylgir skýrsla Cowi um brunavarnir útg. 4 dags. 2. desember 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 21. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Borgartún 27 – breytingaerindi - USK25110251

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23070105 þ.a.l. er sótt um breytingar á innra skipulagi á lóð nr. 27 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 15. ágúst 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Bólstaðarhlíð 10 - USK24020273

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að að breyta innra skipulagi og færa eldhús yfir í stofu íbúðar í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 10 við Bólstaðarhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 8. janúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Einarsnes 42 - USK25110396

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðar framkvæmdir þar sem geymsluskúr er innréttaður sem íbúð á lóð nr. 42 við Einarsnes.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Faxafen 10 - USK25100017

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta sólbaðstofu í rými 0104 á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi á lóð nr.10 við Faxafen.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 17. október 2012 og greinargerð brunahönnuðar dags. 15. desember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Fiskislóð 15-21 - USK25120242

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og byggja viðbyggingu við atvinnuhús á lóð nr. 15-21 við Fiskislóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 6. maí 2025.

Stærð: 70 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Funahöfði 17A - USK25120081

Sótt er um leyfi til að koma fyrir brunastigum við sitt hvorn enda suðurhliðar milli 2. og 3. hæðar skrifstofuhúss við Funahöfða 17a, mhl.02, á lóð nr. 17 við Funahöfða.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi nr. 17a við Funahöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Gerðarbrunnur 44 - USK25120148

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037350 vegna lokaúttektar þannig að gerð er aukaíbúð á 1. hæð, stigi uppá 2. hæð og þriðja bílastæðinu bætt við framan við einbýlishús á lóð nr. 44 við Gerðarbrunn.

Stærð eftir breytingu: 310,9 ferm., 1.073,6 rúmm.

Stækkun: 15,8 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, samþykki lóðarhafa Gerðarbrunns 46 dags. 18. mars 2025 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024.

Jafnframt eru erindi BN055374 og USK25020299 dregið til baka.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

15. Grandavegur 37 - USK26010103

Tilkynnt er um framkvæmd í ósamþykktri íbúð í kjallara þar sem gert er gat á innri burðarvegg í fjölbýlishúsi á lóð nr. 37 við Grandaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Grænahlíð 24 - USK25120218

Sótt er um leyfi að staðsetja þrjár færanlegar skrifstofueiningar á lóð nr. 24 við Grænuhlíð.

Stærðir:

Ferm. 54,0 Rúmm. 165,6

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Gullslétta 18A – breytingaerindi - USK25120217

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037731, með síðari breytingu USK24020044 vegna lokaúttektar þannig að nýjum svölum er breytt lítillega auk þess sem brunamerkingum er breytt og brunavarnir uppfærðar í atvinnuhúsi á lóð nr. 18 við Gullsléttu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 30. apríl 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

18. Gylfaflöt 22 - USK25100271

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN052742 með síðari breytingu BN053155 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulag er breytt, rekstrareiningum fjölgað með því að loka á milli lagers og skrifstofu í rými 0101 og hringstiga er komið fyrir frá lagerrými 010? að nýrri geymslu, rými 020? í iðnaðarhúsi á lóð nr. 22 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 13. júní 2017.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Gylfaflöt 4 - USK25060398

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054080 þannig að brunavörnum er breytt í iðnaðarhúsi á lóð nr. 4 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir brunahönnun frá Öruggr dags. 11. nóvember 2025, yfirlit breytinga og svör við athugasemdum HER ódagsett.

Jafnframt er erindi USK25090249 dregið til baka.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.

20. Holtsgata 35 - USK25060046

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskipasamnings fyrir íbúðarhús á lóð nr. 35 við Holtsgötu.

Breytingar eru byggðar á samþykktu erindi BN057390 sem fallið er úr gildi.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 1. september 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 31. ágúst 1978.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hringbraut 110 - USK25090185

Sótt er um leyfi til þess að stækka sérbýlishús og breyta notkun í að hluta gistiheimili á lóð nr. 110 við Hringbraut.

Erindi fylgir gátlista aðaluppdráttar og yfirlit breytinga dags.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Hádegismóar 1 - USK25030159

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og setja upp 477 fermetra kælírymi úr kælieiningum í móttöku- og vörulager, rými 0101, í vöruhúsi Garra á lóð nr. 1 við Hádegismóa.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V01 dags. 30. janúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 23. janúar 2018.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

23. Jónsgeisli 91 - USK25080037

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, sameina notkunareiningar, koma fyrir stiga millilofti í anddyri, byggja opið geymslurými við suðurhlíð og innrétta áfengisframleiðslu í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 91 við Jónsgeisla.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á teikningu 1.3 og aðaluppdrætti samþykktum 11. september 2007.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Kalkofnsvegur 2 - USK25120149

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 með því að breyta innra skipulagi á 5. og 6. hæð mhl. 12, Kalkofnsvegi 2, á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og minnisblað um brunavarnir frá Verkís dags. 24. nóvember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Kjalarvogur 17 - USK25100016

Sótt er um heimild til að reisa tjaldskemmu, mhl. 02, á lóð nr. 17 við Kjalarvog.

Erindi fylgir mæliblað 1.422.601 dags. 18. febrúar 2003 greinargerð brunahönnuðar dags. 19 nóvember 2025.

Stærð: 205.2 ferm., 911.3 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

26. Klapparstígur 26 - USK25110028

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, færa hótelinngang, innrétta veitingastað í flokki ? teg? fyrir 50 gesti í rými 0103, verslun í rými 0103, stækka út að steypu handriði 5. hæð, byggja fimm hæða viðbyggingu, auk kjallara við vesturhlið og fjölga herbergjum í gistiheimili í flokki ? teg ? í alls ? fyrir ? gesti í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Klapparstíg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2025, greinargerð og yfirlit breytinga á ósamþykktum skýringarteikningum dags. 21. október 2025.

Hjálagt er deiliskipulagsuppráttur auglýstur í B-deild Stjórnartíðinda 25. ágúst 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Klapparstígur 40 - USK25050136

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og skipta rými 0101 í tvær notkunareiningar, rými 0101 og 0102, í húsi á lóð nr. 40 við Klapparstíg.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 17. desember 2025 og samþykki meðeiganda dags. 10. júlí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Kringlan 8-12 - USK25120319

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25050446 með því að skýra flóttaleið úr turni yfir þak 4. hæðar verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 8-12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 17. desember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

29. Krummahólar 53 - USK25030219

Sótt er um leyfi til þess að opna á milli íbúðar í mhl.03, og bílskúrs, mhl.08, breyta notkun og innrétta geymslu í núverandi bílskúr raðhúss nr. 53, á lóð nr. 49-59 við Krummahóla.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 19. apríl 2005.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

30. Kvisthagi 4 - USK25120060

Sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypa bílageymslu (mhl02) á lóð nr. 4 við Kvisthaga.

Stærðir:

Ferm. 49,0 rúmm. 151,9

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Kænuvogur 57 - USK25120080

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, notkun og eignarhaldi á eign 0201 í íbúðar- og atvinnuhúsi nr. 57 við Kænuvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Langholtsvegur 41 - USK25090085

Sótt er um áður gerðar breytingar í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 41 við Langholtsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 12. mars 1942.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Laugarásvegur 63 - USK24090041

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum stoðvegg á lóðarmörkum að lóð nr. 59, pergólu og steiptum heitum potti á steyptri verönd við einbýlishús á lóð nr. 63 við Laugarásveg.

Erindið var grenndarkynnt frá 29. júlí 2025 til og með 27. ágúst 2025. Athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. desember 2025.

Samþykkt með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. desember 2025, með vísan til a. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Erindi fylgir endurnýjuð skýrsla um húsaskoðun dags. 19. nóvember 2024, skýrsla um húsaskoðun ásamt ljósmyndum af vettvangi dags. 14. október 2024 og samþykki Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir hönd lóðar nr. 59 dags. 27. febrúar 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Laugavegur 105 – breytingaerindi - USK25120151

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060167, með síðari breytingu USK23060061, vegna lokaúttektar á íbúðar-og gistihúsi í flokki II tegund g á lóð nr. 105 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Laugavegur 18B - USK25070144

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi, fjarlægja stiga á milli 1. og 2. hæðar, breyta geymslu í minni geymslur og aðstöðu starfsfólks á 2. hæð, íbúð/fundarsal, rými 0201 er breytt í gistirými fyrir 6 gesti, flóttahurð bætt við frá suðurhlíð 3. hæðar, íbúð 0401 breytt fyrir 3 gesti, björgunaropum er bætt við á norðurhlíð, flóttastigi fjarlægður á suðurhlíð og nýr stálstigi sem nær að 3. hæð settur í hans stað, jafnframt eru brunavarnir, rýmisnúmer og skráning uppfærð fyrir verslunar- gisti og íbúðarhús á lóð nr. 18. við Laugaveg.

Erindi fylgir greinargerð og skýringar á breytingum dags. 28. nóvember 2025, greinargerð hönnuðar 8. júlí 2025, greinargerð vegna breytinga dags. 15. október 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

36. Lindargata 2 – breytingaerindi - USK25120100

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24090332 þannig að sett verður snjóbræðsla framan við aðgangsstýrða hurð á húsi Hæstaréttar á lóð nr. 2 við Lindargötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

37. Lynghál 7 – breytingaerindi - USK25120014

Sótt er um að breyt erindi USK23050030 þannig að sótt er um að breyta brunamerkingum á teikningu fyrir atvinnuhúsnæði á lóð nr. 7 við Lynghál.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 14.nóvember 2023

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

38. Malarhöfði 2 - USK25100142

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum byggðum á erindi BN048604, samþykktu 22. desember 2014 og til þess að breyta innra skipulagi og eignarhaldi rýmis 0203 og skipta í tvær einingar, báðar innréttadar sem kaffistofur annars vegar fyrir rými 0201 og hinsvegar fyrir rými 0201 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Malarhöfða 2, mhl.02, á lóð nr. 2-2A við Malarhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 22. desember 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Rafstöðvarvegur 7 - USK25100096

Sótt er um leyfi til þess byggja leikskóla á tveimur hæðum fyrir um alls 130 börn og 40 starfsmenn á lóð nr. 7 við Rafstöðvarveg.

Stærð: 1.797,9 ferm., 6.510,8 rúmm.

Erindi fylgir hæðarblað dags. júní 2012, mæliblað 4.252.6 dags. 9 febrúar 2016 og greinargerð Öruggr verkfræðistofu um brunahönnun útg. V02 dags. 14. nóvember 2025 og kvittun Lífsferilsgreiningar dags. 3. desember 2025

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að auka byggingarmagn á lóð þar sem þegar er fyrir fjöleignarhús. Hlutfall í lóð mun taka breytingum. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

40. Reykjastræti 6 – breytingaerindi - USK25110252

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055542 vegna lokaúttektar og innrétta veitingastað í flokki I, teg. E fyrir 30 gesti og sýningarrými í vesturhorni 1. hæðar Landsbankans sem er mhl. 16 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Sandavað 7 - USK25110276

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi með því að loka milli fataklefa og starfsmannainngangs og breyta brunavörnum þannig að innbyggt slöngukefli er fjarlægt og handslökkvitækjum fjölgað í staðinn í leikskólanum Rauðhól á lóð nr. 7 við Sandavað.

Jafnframt er erindi 606288 dregið til baka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

42. Skerplugata 9 - USK25080210

Sótt er um leyfi til að breyta notkun vinnustofu, mhl.02, í íbúð á lóð nr. 9 við Skerplugötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 6. október 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

43. Skipholt 15 – breytingaerindi - USK25110410

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25070359 þannig að brunatexta í byggingarlýsingu er uppfærður á lóð nr.15 við Skipholt.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

44. Stórhöfði 31 - USK25120306

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054542, með síðari breytingum, vegna lokaúttektar þannig að hurðum að inngöngum á norðurhlið er breytt í rennihurðir, innihurðum í milligöngum anddyris á 1. hæð er breytt og innra skipulagi á 3. hæð, jafnframt því að texti um brunavarnir og byggingarlýsing er uppfærð fyrir skrifstofuhús á lóð nr. 29-31 við Stórhöfða.

Erindi fylgir minnisblað Eflu um brunavarnir útg. V06/V07 dags. 12. desember 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

45. Suðurgata 35 - USK24090217

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058753 þannig að í stað svala á suðurhlið komi franskir svalir og skyggni er byggt yfir svalahurð út frá stofu á austurhlið einbýlishúss á lóð nr. 35 við Suðurgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

46. Suðurlandsbraut 24 - USK24050107

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi 2. hæðar hefur verið breytt, skipt í þrjár leigueiningar auk þess sem komið hefur verið fyrir nýjum svölum, á austanverðri suðurhlið hússins á lóð nr. 24 við Suðurlandsbraut.

Samskonar erindi BN0591647 var samþykkt 4. maí 2021 og framkvæmt án byggingarleyfis.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 17. desember 2025, bréf frá hönnuði dags. 7. maí 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 30. október 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Túngata 14 - USK25040251

Sótt er um leyfi til að koma fyrir lyftu í stigahúsi og innrétta snyrtingar í fyrrum geymslum á 1. hæð og í kjallara atvinnuhúss á lóð nr. 14 við Túngötu.

Stækkun: 37,3 ferm., 401 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð brunahönnuða dags. 17. desember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

48. Úthlíð 11 - USK25120061

Sótt er um leyfi til þess að byggja vinnustofur mhl.02 á lóð nr. 11 við Úthlíð

Stærðir:

Ferm. 69,5 rúmm. 232,9

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Þönglabakki 1 - USK25110395

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi verslunar Nettó í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi við Þönglabakka 1, mhl.06 á lóðinni Álfab.12-16/Þönglab.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. september og 16. október 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:45

Brynja Þór Jónasson,
Sigrún Reynisdóttir,
Edda Þórsdóttir,
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir,
Guðbjörg S. Snorradóttir.